

Nd.

181. Nefndarálit

um frumvarp til laga um tekjuskatt.

Í frumvarpi þessu er tekið upp það nýmæli, að tekjuskattur nái til allra atvinnuvega, þar á meðal landbúnaðar og sjávarútvegs. Gegn því skipulagi hefir einkum verið hreyft þeirri mótbáru, að örðugt verði að ná rjettu tekjuframtali af landbúnaði, þar sem allmikill hluti afurðanna renni inn í búið reikningslaust. Því verður eigi neitað, að þessi mótbára hafi við mikil rök að styðjast, meðan búreikningar eru ekki alment haldnir. En jafnframt má ganga að því vísu, að þeir örðugleikar, sem þessu eru samfara, verði mestir fyrst í stað, og muni smám saman hverfa við aukna menningu, eftir því sem almenningur fær betra skynbragð á fjármálum, og venst við að gera sjer reikningslega grein fyrir tekjum sínum og gjöldum. Slíkt efnahagsyfirlit er hverjum manni nauðsynlegt, til þess að geta haft gát á fjárhag sínum og varast að eyða meiru en aflað er. Í þessu efni er lögskipað árlegt tekjuframtal líklegt til að flýta fyrir góðum árangri.

Að öðru leyti skiftir það mestu í máli þessu, að almennur tekjuskattur er eina ráðið til að koma á samræmi í skattálögum á ýmsar atvinnugreinar landsins. Nefndin er því fylgjandi aðalstefnu frumvarpsins, en leggur til að einstökum atriðum sje breytt.

Með skattskyldum tekjum í 2. gr. c. er meðal annars talin landsskuld af leigujörðum og arður af allskonar ítökum og hlunnindum, svo og leiga eftir hús og lóðir. Með því að tekjur þessar eru afrakstur af eignum, sem fasteignaskattur er lagður á, þykir eflir atvikum rjett að sleppa þeim undan tekjuskatti. En þar af leiðir, að einnig ber að fella úr það ákvæði í 3. gr. a., að draga skuli frá tekjum kostnað til tryggingar og nauðsynlegs viðhalds á arðberandi eignum gjaldanda.

Framfærslueyrir fyrir heimilisómaga í 3. gr. f. þykir heldur lágt metinn 75 kr. til jafnaðar, og er lagt til, að hann sje hækkaður upp í 100 kr.; sömuleiðis að draga megi frá tekjum meðlag með börnum utan heimilis og framlag manns til fráskilinnar konu. Um leið og tekjufrádráttur er þannig aukinn, þykir rétt að færa lágmark skattskyldra tekna í 4. gr. úr 500 kr. niður í 300 kr., með því að annars mundu alt of margir sleppa hjá skatti, og það ef til vill ýmsir þeir menn, er væru vel færir um að leggja nokkuð til landsparfa.

Í 4. gr. er leyft að miða tekjuframtal af landbúnaði við fardagaár, í stað þess að aðrar tekjur eru miðaðar við almanaksár. Eðlilegra virðist, að allar skattskyldar tekjur sjeu taldar fram fyrir sama tíma, þannig, að almanaksárið sje lagt til grundvallar, og verður ekki sjeð, að það þurfi að valda neinum verulegum vandkvæðum.

Þá er svo kveðið á í 11. gr., að heimiliráðandi skuli inna af hendi tekjuskatt fyrir heimilismenn sína gegn endurgjaldi frá þeim. Með því að þetta ákvæði hlýtur að baka húsbændum allmikil umsvif og, ef til vill, fjártjón, án þess að það virðist beinlínis nauðsynlegt til léttis við innheimtu skattsins, þykir rjett að sleppa því.

Að öllu athuguðu, er það tillaga meiri hluta nefndarinnar, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, sem þegar er á minst, og nokkrum fleiri

breytingum, sem gerðar eru samræmis vegna eða til skýringar eða til lagfæringar á orðalagi:

1. Við 2. gr. Staflíður c. orðist svo: Leiga eftir skip, kúgildaleigur og arður af byggingarpeningi og öðru lausafje, sem á leigu er selt.
2. — 3. — Orðin í staflíð a. »eða tryggingar ... eignum gjaldanda« falli burt.
3. — 3. — Aftan við sama staflíð bætist: og gjaldi skatt af.
4. — 3. — Fyrir orðin í staflíð c. »konu sinni lífeyri ... hærri lífeyrisupphæð« komi: konu sinni lífeyri eða til annarar persónutryggingar, iðgjöld fyrir slíkan lífeyri eða persónutryggingu, sem greidd hafa verið, þó ekki fyrir hærri lífeyrisupphæð
5. — 3. — Fyrir orðin »iðgjöld af« (á 4 öðrum stöðum í sama staflíð) komi: iðgjöld fyrir.
6. — 3. — Á eftir orðunum í staflíð f. »framfærslueyri fyrir« komi: heimilisómaga.
7. — 3. — Fyrir »75 kr.« (í sama staflíð) komi: 100 kr.
8. — 3. — Á eftir staflíð f. komi nýr líður: meðlag greitt með börnum og öðrum skylduómögum utan heimilis, svo og framlag manns til fráskilinnar konu sinnar.
9. — 4. — Orðin »þó má telja fram ... við almanaksár« falli burt.
10. — 4. — Fyrir »500 krónum« komi: 300 krónum.
11. — 5. — Orðin »skal greiða skatt« (í 2. línu) færast aftur fyrir orðin »í hvaða stöðu sem er« (í 3. línu).
12. — 6. — Á eftir orðunum »sem hjer er rekin« komi: eða aðrar tekjur hjeðan af landi.
13. — 9. — Fyrir »hlutaðeigendum« komi: aðiljum.
14. — 11. — Greinin falli burt.

Neðri deild Alþingis, 25. júlí 1913.

Jón Magnússon,
(formaður).

Ólafur Briem,
(skrifari og framsögum.).

Matth. Ólafsson.

Jón Ólafsson.

Með skírskotun til álits minni hlutans um frv. til laga um fasteignarskatt.

Kristinn Daniélsson.

Halldór Steinsson.

Tryggvi Bjarnason.